

Umhverfisnefnd  
Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 16. apríl 2002

**Efni: Frumvarp til laga um Umhverfisstofnun, 711. mál.**

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að öll starfsemi Hollustuverndar ríkisins, Náttúrverndar ríkisins, embættis veiðistjóra, hreindýraráðs og framkvæmd laga um dýravernd verði sameinuð í eina stofnun, Umhverfisstofnun. Hér er um marga og mikilvæga málaflokka að ræða og sætir furðu að frumvarp um sameiningu þeirra skuli bera að með svo bráðum hætti sem þetta frumvarp gerir.


Í frumvarpinu og greinargerðinni með því er svo til eingöngu tekið mið af umhverfismálum. Ekki verður séð að í þessu frumvarpi sé á nokkurn hátt tekið tillit til þeirra mikilvægu málaflokka, sem varða matvæli og öryggi þeirra, sem nú heyra undir matvælasvið Hollustuverndar ríkisins. Þetta er kannski eðlilegt þar sem um er að ræða frumvarp til laga um Umhverfisstofnun en hins vegar vaknar sú spurning hver verði staða þeirra málefna sem nú heyra undir matvælasvið Hollustuverndar ríkisins innan slíkrar stofnunar. Umhverfis- og matvælamál geta átt samleið innan sömu stofnunar en þá þarf að ríkja jafnvægi milli málaflokkanna. Samtök iðnaðarins lýsa yfir miklum áhyggjum af því að hlutur málefna matvæla verði fyrir borð borinn innan stofnunar sem nær alfarið tekur mið af umhverfismálum.

Íslenskir matvælaframleiðendur búa við mjög strangar kröfur um allt sem varðar öryggi matvæla, þ.á.m. hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu og upplýsingagjöf til neytenda. Heilbrigðisnefndir víðs vegar um land annast framkvæmd matvælaeftirlits en matvælasvið Hollustuverndar ríkisins gegnir því mikilvæga hlutverki að sjá til þess að samræmis sé gætt við matvælaeftirlit alls staðar á landinu og að túlkun matvælaeðlugerða sé alls staðar hin sama. Stofnunin gegnir því afar mikilvægu hlutverki sem ráðgefandi stofnun fyrir matvælaframleiðendur og sem tengiliður milli framleiðenda og neytenda um öll mál er varða öryggi matvæla.

Samtök iðnaðarins telja mikilvægt að þessi starfsemi sé eflað fremur en dregið úr henni eins og veruleg hættu virðist á ef málefni matvæla verða gerð að lítt skilgreindum hluta mun stærri stofnunar sem nær eingöngu tekur mið að umhverfismálum.

Samtökin telja nauðsynlegt að samhliða sameiningu málefna á sviði umhverfismála undir eina stofnun verði málefnum, er varða matvælaöryggi, skipaður varanlegur sess innan íslenskrar stjórnsýslu í samræmi við mikilvægi þeirra.

Virðingarfyllst,  
SAMTÖK IÐNAÐARINS

  
Ragnheiður Héðinsdóttir, matvælafræðingur

Afrit sent: Umhverfisráðuneyti